

Skuldbinding

Rammi skuldbindur sig að tryggja að öll vinna geti farið fram á sem öruggastan hátt og mun leita allra leiða til þess að fjarlægja, fyrirbyggja og minnka þá hættu sem steðjar að öryggi, heilsu og vellíðan starfsmanna, verktaka, gesta og allra annarra sem kunna að koma að starfsemi fyrirtækisins.

Fyrirtækið mun að fullu framfylgja lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Stjórnendur og starfsmenn

Skuldbinda sig því að fara eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Stjórnendur mun útvega og viðhalda:

- Öruggu vinnuumhverfi
- Öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Vinnustöðvum og áhöldum
- Starfsmannaaðstöðu
- Upplýsingum, kennslu, þjálfun og yfirsýn þeirri sem nauðsynleg er til þess að starfsmenn geti unnið verk sín á sem öruggastan hátt
- Úrvinnslu og umbótum þeirra athugasemda sem berast varðandi öryggis og heilbrigðismál

Starfsmenn jafnt og stjórnendur eru ábyrgir fyrir:

- Að framfylgja þeim öryggisreglum sem settar fram eru í þeim tilgangi að minnka líkur á slysum og skemmdum á eignum og búnaði fyrirtækisins og annarra
- Að hugsa um sitt eigið öryggi sem og öryggi vinnufélaga
- Að nota öryggisbúnað sem fyrirtækið útvegar starfsmönnum
- Að fara eftir þeim ábendingum sem yfirmenn gefa varðandi öryggis- og heilbrigðismál
- Að misnota ekki þær öryggisreglur sem í gildi eru
- Tilkynna öll nær slys og slys til yfirmanna, sama hversu smávægileg þau eru
- Tilkynna ótryggt ástand til yfirmanna hið fyrsta
- Viðhalda réttindum til sjós, þegar við á, og sækja endurmenntun í samræmi við reglur
- Að sýna gott fordæmi og vera góð fyrirmynd